

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar vegna Selfosslínu 1.

Skipulagsstofnun staðfesti 19. september 2024 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036 sem samþykkt var í bæjarstjórn 21. ágúst 2024.

Í breytingartillögunni felast áform um lagningu Selfosslínu 1 í jörð frá sveitarfélagamörkum við Sveitarfélagið Ölfus vestan Ölfusár meðfram nýrri legu Suðurlandsvegar um fyrirhugaða brú yfir Ölfusá og að sveitarfélagamörkum við Flóahrepp. Innan þéttbýlisins á Selfossi verði jarðstrengur lagður frá sveitarfélagamörkum við Flóahrepp meðfram núverandi Suðurlandsvegi að tengivirki á Selfossi.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 19. september 2024.*

F.h. forstjóra,

**Guðrún Lára Sveinsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 3. október 2024